



Starfsleyfisskilyrði fyrir alifuglabú og eggjaframleiðslu

1 Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfið gildir fyrir alifugla- og eggjabú Nesbúegg, kt. 711203-2140, að Vatnsleysuströnd, 190 Vogum hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið fellur úr gildi ef skipt er um eigendur eða húsnæði. Verði eigendaskipti skal nýr rekstraraðili sækja um flutning starfsleyfis yfir á sitt nafn og kennitölu sé starfsleyfið í gildi.
- 1.2 Verði meiri háttar breytingar á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar, að mati Heilbrigðiseftirlitsins, ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.3 Leyfileg stærð alifuglabús miðast við 65.000 fugla. Forsendur fyrir leyfðum fjölda fugla er aðstaða til viðeigandi endurnýtingar á skít eldisfugla, t.d. með dreifingu á land. Þar sem því verður ekki við komið, m.a. vegna reglna um sóttvarnir, skal koma skít til förgunar í móttökustöð sem hefur til þess starfsleyfi.
- 1.4 Starfsleyfið gildir í tólf ár frá útgáfudegi.
- 1.5 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna.

2 Almenn atriði

- 2.1 Með alifuglabúi er átt við bú þar sem hænsnfuglar eru aldir til framleiðslu á kjöti til manneldis og/eða eggjum, svo og eldi kalkúna, anda og gæsa. Ákvæði starfsleyfis þessa gilda einnig um útungunarstöðvar alifugla. Starfsleyfið gildir ekki fyrir slátrun alifugla.
- 2.2 Starfseminni skal þannig hagað að hún valdi ekki nágrönnum eða fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna lyktar eða hávaða.
- 2.3 Um umgengnisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálfdaðra fugla fer samkvæmt reglugerð (nr./ár) um varnir gegn alifuglasjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með alifuglabúum. Einnig skal hafa til hliðsjónar „Reglur um góða búskaparhætti” útgefnar af Hollustuvernd ríkisins 1998 (nú Umhverfisstofnun).
- 2.4 Rekstraraðila er skylt að halda húsnæði og lóð snyrtilegu.
- 2.5 Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins.

3 Spilliefni

- 3.1 Eftirfarandi flokkast sem spilliefni.
 - Lífræn hreinsi-, leysi- og þvottaefni.

- Lútar og sýrur.
 - Lyfjaafgangar.
 - Afgangar af skordýra-, meindýra- og plöntueitri.
 - Hræ af sýktum dýrum.
 - Klórflúorefni (freon kælimiðlar).
- 3.2 Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang eða losa þau í fráveitu. Ekki skal blanda saman mismunandi flokkum spilliefna.
 - 3.3 Umbúðir spilliefna skal merkja með viðeigandi hætti. Á umbúðunum skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins.
 - 3.4 Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum og þau tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar.
 - 3.5 Fyrirtækið skal eftir mætti daga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu eða endurhæfingu efna.
 - 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal skilað reglulega (a.m.k. einu sinni á ári) til aðila með leyfi til móttöku eða flutnings á viðkomandi úrgangi. Fyrirtækinu er sjálfu heimilt að annast flutninginn sé búnaður og flutningatæki fullnægjandi að mati heilbrigðiseftirlits.
 - 3.7 Þegar fyrirtækið afhendir spilliefni til endurvinnslustöðvar eða flutningsaðila skal það halda eftir vottorði fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Vottorð þessi skulu geymd í a.m.k. 4 ár og liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 3.8 Skrá skal innkaup á efnum sem geta orðið að spilliefnum. Tiltaka skal magn (kg, l) og þann flokk spilliefna sem efnið mun tilheyra.
 - 3.9 Leggist starfsemin niður skal öllum hættulegum efnaleifum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.

4 Meðferð hættulegra efna

- 4.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd með öruggum hætti.
- 4.2 Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni.
- 4.3 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 4.4 Safna skal öllum hættulegum efnum s.s. olíusora, lyfjaleifum, umbúðum lyfja og sprautunálum og skila reglulega til aðila sem hafa starfsleyfi til að taka við slíkum úrgangi. Við afhendingu skal haldið eftir vottorði fyrir móttökunni þar sem fram kemur magn (kg, l), og gerð úrgagns.

5 Meðhöndlun fuglaskíts

- 5.1 Við búið skulu vera vandaðar og þéttar hauggeymslur. Stærð hauggeymslu þarf að miða við að hægt sé að nýta hauginn sem áburð á skynsamlegan hátt þegar jörð getur tekið við honum eða taka a. m. k. 6 mánaða haug, sbr. reglugerð nr. 804/1999. Stærð hauggeymslu er í dag 1650 tonn.
- 5.2 Haugbró/poki skal vera þétt og skal ekkert frárennsli vera frá henni. Hauggeymsla skal vera yfirbyggð til að hindra aðgang meindýra.
- 5.3 Ef nýta á fuglaskít til áburðar skal búið árlega útbúa áburðaráætlun sem kynna skal fyrir HES eigi síðar en 1. mars ár hvert.
- 5.4 Aðstæður skulu athugaðar áður en ákvarðað er magn þess fuglaskíts sem dreifa má á hvert svæði sem áburð. Taka skal tillit til ætlaðar köfnunarefnisþarfar gróðursins, jarðvegsgerðar, halla lands og veðurskilyrða. Fylgja skal starfsreglum um góða búskaparhætti við áburðargjöf. Þyki ástæða til getur eftirlitsaðili krafist mælinga á magni köfnunarefnis í skítum til að tryggja að einungis hæfilegu magni verði dreift pr. hektara.
- 5.5 Skít frá alifuglum skal einungis dreifa á ófrosna jörð og aðeins á tímabilinu frá 1. mars til 1. nóvember ár hvert, mest á vorin og snemmsumars þegar jarðvegur og gróður þarf helst á áburði að halda. Að jafnaði skal ekki dreifa skít á frosna jörðu. Við dreifingu skal taka tillit til nálægrar starfsemi og íbúðarbyggð með því að virða hæfileg fjarlægðarmörk og miða við hagstæðar vindáttir. Ekki er heimilt að afsetja skít með hætti sem getur leitt til mengunar á yfirborðsvatni eða grunnvatni
- 5.6 Ef ekki er hægt að afsetja skítinn samkvæmt grein 5.3, þá er fyrirtækinu skylt að safna honum í hauggeymslu, eða flytja til móttökustöðvar til meðhöndlunar, förgunar og endurnýtingar. Ef fyrirhugað er að nýta skít í jarðgerð á athafnasvæði rekstraraðila, eða á vegum hans utan athafnasvæði búsins þarf að sækja um leyfi til heilbrigðisnefndar.

6 Mengunarvarnir og búnaður

- 6.1 Takmarka skal hávaða frá starfsemi eftir því sem kostur er.
- 6.2 Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Ef í ljós kemur engu síður að loftmengun frá starfsemi veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstaks mengunarvarnabúnaðar.

7 Um úrgang

- 7.1 Úrgangur svo sem dýrahæ skulu flutt til eyðingar eða endurnýtingar hjá starfstöð sem til þess hefur starfsleyfi. Urðun og brennsla á úrgangi á vegum alifuglabúsins er óheimil.
- 7.2 Ganga skal frá hræjum til förgunar í þétta, lokaða gáma, til að koma í veg fyrir lykt og til þess að hefta aðgang skordýra. Losa skal gámana reglulega eða eftir þörfum, oftast á sumrum en á vetrum. Gámana skal sótthreinsa og þrifa eftir notkun. Æskileg er notkun sérstakra kæli/frystigáma sem eru sérhannaðir til þessara nota.
- 7.3 Tryggt skal að meindýr og vargfugl komist ekki í æti frá búinu.

8 Skólp og fráveita

- 8.1 Fráveituvatni skal farga á þann hátt að heilsu manna stafi ekki hætta af og röskun á lífríki verði sem minnst.
- 8.2 Skólp frá starfsmannaaðstöðu og íbúðarhúsum skal leiða í rotþró og siturlögn í samræmi við leiðbeiningar bækling Hollustuverndar ríkisins (Umhverfisstofnunar) eða í holræsakerfi viðkomandi sveitafélags. Seyru skal flytja á viðurkenndan móttökustað.
- 8.3 Niðurföll skulu útbúin með ristum eða sambærilegum búnaði þannig að grófur óuppleystur úrgangur berist ekki í fráveitu.
- 8.4 Fráveituvatn sem er mengað húsdýraáburði skal leiða í lokað haughús/safnþró eða þar til ætlaða fellþró og siturlögn.
- 8.5 Ómengað ofanvatn skal ekki leiða um haughús, safnþrær eða rotþrær.

9 Mengunarvarnir

- 9.1 Takmarka skal loftmengun frá starfseminni eins og kostur er. Tryggja skal að rakastig í búunum sé hæfilegt þannig að komið sé í veg fyrir óþarfa ryk í útblæstri.
- 9.2 Fóður og hráefnisgeymslur skulu vera lokaðar og varðar ágangi meindýra og fugla.
- 9.3 Við losun fráveituvatns gilda ákvæði fylgiskjals 1 með reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp:

10 Eftirlit og innra eftirlit.

- 10.1 Fyrirtækið skal halda skýrslur og dagbók þar sem jafnóðum er skráð:
 - a. Framleiðslumagn, fjöldi og samtals þyngd fugla í hverjum framleiðsluhóp og breytingar á þessum tölum vegna flutninga, slátrunar eða dauða.
 - b. Fóðurnotkun og gerð fóðurs.
 - c. Vatnsnotkun.
 - d. Atriði sem varða rekstur hreinsibúnaðar, hreinsun og viðgerðir

- búnaðarins, dagsetingu á tæmingu rotþróor og losun á seyru og húsdýraáburði, magn og förgun seyrunnar.
- e. Innkaup efna og lyfja sem geta orðið að spilliefnum. Tiltaka skal magn (kg, L) og þann flokk hættulegs úrgangs sem efnið tilheyrir. Einnig skal skrá magn (kg, L) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila.
 - f. Atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. bilanir á búnaði eða slys.
 - g. Fyrirtækið skal að öðru leyti koma á innra eftirliti í samræmi við reglugerð nr. 251/1995 um aðbúnað og sjúkdómavarnir á alifuglabúum og útungunarstöðvum.
 - h. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að framangreindum upplýsingum. Upplýsingarnar skulu liggja frammi og vera geymdar í a.m.k. 4 ár.

10.2 Fyrirtækið er háð reglubundnu eftirliti skv. a.lið í tölulið 6.6 í viðauka I með reglugerð nr.785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja sér um eftirlit með þeim þáttum sem um getur í starfsleyfi.

11 Starfsemi hætt

Leggist starfsemin niður skal tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja. Öllum spilliefnum og hættulegum efnaleifum skal þá skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni og fjarlægja skal allan lifandi fugl úr stöðinni. Einnig skal ganga frá öllum mannvirkjum þannig að ekki stafi hætta af.

12 Ýmis ákvæði

- 12.1 Undanþága frá grein 6.4 er heimil ef fyrir liggur samningur við aðila með starfsleyfi til meðhöndlunar á garða- og landbúnaðarúrgangi. Aðstaða til geymslu úrgangs við búið skal uppfylla kröfur Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.
- 12.2 Eintak af skilyrðum þessum og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk í starfsstöð.
- 12.3 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði þessi.

13 Gildistaka og gjaldskylda

Starfsleyfi þetta er veitt til tólf ára í samræmi við 6. grein laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 og öðlast gildi við birtingu. Eintak af starfsleyfi skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi þessu. Forráðamenn fyrirtækisins skulu kynna sér þau lög og reglur sem við koma starfsemi fyrirtækisins. Fyrirtækið skal greiða eftirlits- og starfsleyfisgjöld skv. gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja.

Samþykkt af heilbrigðisnefnd þann 6. maí 2013